

## Gjögur hf. Grenivík

2012/5

Útgerðarfélagið Gjögur hf. var stofnað árið 1946 á Grenivík og er elsta útgerðarfélag landsins. Það voru 38 manns sem stóðu að félaginu og þegar við stofnun var búið að leggja drög að kaupum á tveimur bátum. Fyrri báturinn, Vörður TH 4, var afhentur í febrúar 1947 og var sendur beint á vetrarvertíð í Hafnarfirði. Von TH 5 kom í lok júní og fór beint á síldveiðar.

Hugmyndin á bakvið stofnun Gjögurs hf. var að efla atvinnulíf í hreppnum og tryggja áframhaldandinn og vaxandi byggð á Grenivík.

Fyrstu vetrarvertíðirnar var gert út frá Hafnarfirði en 1952/53 fluttist útgerðin til Grindavíkur. Nokkur fyrstu árin réru bátar félagsins frá Grenivík á vorin, eftir að vetrarvertíðinni lauk, og lönduðu þar fram til þess að síld fór að veiðast í lok júní. Hafnleysi á Grenivík stóð nokkuð í vegi þess að tækist að efla atvinnulífið þar til muna en samt sem áður veitti félagið fjölmörgum hreppsþúum atvinnu. Fyrstu tvo áratugina voru að jafnaði 25-40 manns úr Grýtubakkahreppi í fastri vinnu hjá félaginu meirihluta ársins.

Félagið reisti geymslu og fiskverkunarhús á Grenivík 1949 og 1956 byrjaði Gjögur hf. að verka saltfisk í eigin húsnæði í Grindavík. Fólk úr Grýtubakkahreppi fór þá suður til Grindavíkur á vetrarvertíð og aflaði sér þar tekna.

Á sjöunda áratugnum var byggð höfn og frystihús á Grenivík og heimamenn hættu því að þurfa að sækja vinnu á vertíð í öðrum landshlutum. Mikilvægi Gjögurs hf. fyrir atvinnulíf í Grýtubakkahreppi minnkaði til muna en margir heimamenn hafa eftir sem áður verið á skipum félagsins og starfrækir fiskvinnslu á Grenivík (2025).

Eftir að Von strandaði við Reykjanes í mars 1958 og eyðilagðist eignaðist félagið þriðja skipið, Áskel ÞH 48. Í tímans rás hafa skip félagsins verið mis mörg í senn og verið endurnýjuð eftir aðstæðum en að öllum jafnaði hafa þau borið nöfnin Vörður, Áskell og Hákon og heimahöfn þeirra verið Grenivík.

Gjögur hf. hefur ekki gert mikið af því að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum en til þess að tryggja sér löndunarpláss á síldarárunum eignaðist félagið hlut í síldarplaninu Borgum á Raufarhöfn og Seyðisfirði. Gjögur var meðal stofnenda í Nótastöðinni hf. á Akureyri.

Það var Árni Björn Árnason sem afhenti skjölin í janúar 2012. Við frágang árið 2025 var haldið eftir ársreikningum og fylgiskjöllum ársins 1950 en öðrum bókhaldsgögnum var eytt. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2025/32 og 1025/2.

Héraðsskjalasafninu á Akureyri 29. júlí 2025

Lára Ágústa Ólafsdóttir, héraðsskjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja

Örk

Tímabil

Efni

2012 / 5

## A-Gjögur hf.

## A-Gjögur hf.

## 1946 - 1963

|   |   |   |             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|---|---|---|-------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| A | 1 | 1 | 1946 - 1953 | Stofnfundur Gjögurs; stofnsamningur og hlutafjárloforð; hluthafaskrá, óársett og 1950; fundargerðir á lausum blöðum 1946-53.                                                                                                                                                                               |
| A | 1 | 2 | 1950 - 1950 | Dagbók (bókhald).                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| A | 1 | 3 | 1947 - 1949 | Ársreikningar og/eða uppgjör, ásamt vinnugögnum við gerð þeirra.                                                                                                                                                                                                                                           |
| A | 1 | 4 | 1950 - 1956 | Ársreikningar og/eða uppgjör, ásamt vinnugögnum við gerð þeirra, 1950, 1952-1956.                                                                                                                                                                                                                          |
| A | 1 | 5 | 1957 - 1958 | Ársreikningar og/eða uppgjör, ásamt vinnugögnum við gerð þeirra.                                                                                                                                                                                                                                           |
| A | 1 | 6 | 1959 - 1962 | Ársreikningar og/eða uppgjör, ásamt vinnugögnum við gerð þeirra.                                                                                                                                                                                                                                           |
| A | 1 | 7 | 1950 - 1950 | Tryggingabréf fyrir útgerðarlánnum.                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| A | 2 | 1 | 1948 - 1957 | Brunatryggingarskírteini fyrir veiðarfæri og útgerðarvörum (1949); tryggingarskírteini fyrir Vörð og Von (1948); skírteini fyrir tryggingu fatnaðar og farangurs skipverja, ásamt afla og veiðarfærum fyrir Von og Vörð (1957); skipsvátryggingarskírteini fyrir Von (1958) og tjónreikningur vegna brots. |
| A | 2 | 2 | 1957 - 1960 | Samþykktir fyrir hlutafélagið Garður hf. Akureyri (1957); bráðabirgðasamningur um eigendaskipti á hlutabréfum í Nótastöðinni hf. Akureyri (1960).                                                                                                                                                          |
| A | 2 | 3 | 1949 - 1960 | Hús í Grindavík.                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| A | 2 | 4 | 1947 - 1958 | Skýrslu um þurrafúa og viðgerðir í Verði og Von (1955); skjöl varðandi skipakaup (1947-1958).                                                                                                                                                                                                              |
| A | 2 | 5 | 1959 - 1960 | Leigunet í Hannesi lóðs.                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| A | 2 | 6 | 1946 - 1963 | Innkomin bréf.                                                                                                                                                                                                                                                                                             |